Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1954, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Dómsmálaráðherra – Menntamálaráðherra – Bréf – Svarbréf – Aðalbjörn Benediktsson – Bjarni M. Gíslason – Björn Bjarnason – Erlingur Pálsson – Guðmundur Gíslason Hagalín – Guðmundur J. Guðmundsson – Haraldur Jóhannesson – Helgi Elíasson – Helgi P. Briem – Ingólfur Jónsson – Kristmann Guðmundsson – Jónas Jónsson – Jón Sveinsson – Pétur Benediktsson – Valgarður Stefánsson – Jörgen Bukdahl –

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmálamaðurinn

Askja 2-17, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Ásbúðartröð 5 Hafnarfirði
7/6 1954

Hr. ráðherra!
Ég verð að biðja yður, strax í upphafi, að fyrirgefa mér frekjuna.
Svo er málum háttað, að mig langar til að gefa út ljóðabók í sumar, þá þriðju í röðinni. En sá ljóður er á því, að engin útgáfa vill gefa út eftir okkur „minnstu spámennina" nema ef við getum lagt fram nokkuð af áskrifendum

alasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar eð þér keyptuð báðar þær bækur mínar, sem út eru komnar (Tvær millig. Ásgeirs Péturss) gerist ég nú svo djarfur að spyrja yður, hvort ég megi reikna með yður sem áskrifanda.
Fyrirgefið mér svo frumhlaupið.

Virðingarf.

Sverrir Haraldsson

Cand. theol.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Benediktsson,
Blönduhlíð 35,
Reykjavik.

Reykjavík, July 20th 1954.

Messrs. Hugh Rees, Ltd.,
47 Pall Mall,
London, S.W. I.

Gentlemen,

Please send me through the Legation of Iceland, 17 Buckhingam Gate, a copy of:

Sir John Slessor: Stragety for the West. Douglas Jerrold; The Lie about the West; A Response to Professor Toynbee´s Challenge.

Harold Nicolson: The Evolution of Diplomatic Method.

Kindly charge my account for the cost.

Yours Sincerely,

For the minister,

AP.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik, July 9, 1954

Mr.
Fnark Clune,
52 Pitt Street,
SYDNEY.

Dear Mr. Clune,

It is with great pleasure that I have received your interesting book: "The Viking of Van Diemens Land", and I want to thank you very much for your friendliness in sending it to me. I have read it with great interest. In the chapters regarding Iceland there are some mistakes, but you have succeeded extremely well in describing Jörgensen and his life and surroundings so now for the first time it is possible

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

to understand his personality. I congratulate you on the fine work you have done.

I am

yours very sincerely

Bj. Ben. (sign)

(Bjarni Benediktsson)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 7. júlí 1954

Dóms- og menntamálaráð-
herra, Bjarni Benediktsson, þakkar
forseta Íslands boð hans til há-
degisverðar, mánudaginn 12. júlí,
sem hann þiggur með þökkum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 7. júlí 1954

Dóms- og menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, þakkar Kristni Guðmundssyni og konu hans boð þeirra til miðdegisverðar 13. júlí n.k., sem honum er ánægja að þiggja.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 30. júní 1954

Dóms- og menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, og kona hans þakka vinsamlegt boð stjórnar Íslandsdeildar Norræna búfræðifélagsins N. J. F. um að vera við opnun hins norræna búnaðarmóts deildarinnar fimmtudaginn 1. júlí, en taka fram, að þau geta því miður eigi komið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 30. júní 1954

Dóms- og menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, og kona hans þakka vinsamlegt boð Steingríms Steinþórssonar og konu hans um að sitja kvöldverðarboð þeirra fimmtudaginn 1. júlí en taka fram, að þau geta því miður eigi komið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 22. júní 1954

Herra F. Van Hoorn
útvarpsþulur,
Hilversum.

Kæri Friðrik frá Horni.

Eg þakka yður kveðjur yðar, sem eg met mikils, og leyfi mér að láta uppi aðdáun mína á því, hversu vel þér eruð að yður í íslenzkri tungu. Á ferðum mínum og í starfi mínu hefi eg kynst nokkrum löndum yðar og líkar ágætlega við þá. Ósk mín er, að yður og þjóð yðar megi vel farnast.

Með beztu kveðjum.

Yðar einlægur.

Bj. Ben.
(sign)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik, 23 June 1954

The Secretary,
Society of British Aircraft Constructors,
32 Savile Row, London, W. I.

Bjarni Benediktsson, Minister of Justice and Education of Iceland, expresses his thanks for your kind invitation to attend the Flying Display and Exhibition at the Royal Aircraft Establisment Farmborough, Hampshire, 7th to 9th September 1954 and regrets not to be able to avail himself of this interesting exhibition, owing to prior arrangement.

F.h.r.

ÁP

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 16. júní 1954

Herra Hermóður Guðmundsson.

Ágæti flokksbróðir.

Ég þakka þér bréf þitt frá 27. apríl 1954, sem nokkuð hefur dregizt, að eg svaraði, þó að eg hyggi, að eitthvað hafi tafist, að það kæmist í mínar hendur.

Tillögur um skólanefndarformenn nunu ekki koma í mínar hendur, fyrr en að loknum hreppsnefndarkosningu. Enn hefi eg ekkert séð um það efni, sem þú ræðir í bréfi þínu. Pata hefi eg hins vegar haft af því, að umræddur klerkur leiki tveim skjöldum, þykist vera Sjálfstæðismsður, er hann talar við gamla kunningja sína úr Sjálfstæðismannahóp, en sé ekki jafn eindreginn við aðra eða ef svo vill verkast, þaí stundum á annarri skoðun. Slíkt eru engin meðmæli í mínum augum, þó að hér komi auðvitað fleira til greina. Því get ég lofað þér, að fullt samráð mun verða haft við þig. Þú mátt treysta því, að málinu verði ekki ráðið til lykta gegn þínum vilja. Það eru einmitt bendingar slíkar, sem þú gefur, er við í flokksforustunni þufum á að halda, því að vitanlega er þekking á marghátttuðum efnum úti um land ærið takmörkuð. En sannarlega er nógu erfitt að standa í málsvörn fyrir flokkinn á stöðum eins og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þingeyjarsýslu, þó að leitast sé við að fylgja ráðum þeirra, sem bezt eru kunnugir og öruggastir fyrirliðar Sjálfstæðismanna.

Eg þakka þér svo áhuga þinn fyrr og síðar og vonast til, að fundum okkar eigi einhvern tíma eftir að bera saman, og að við getum ræðst við um sameiginleg áhugamál og landsins gagn og nauðsynjar. Með beztu kveðjum.

Þinn einlægur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 22. júní 1954

Herra Jochum M. Eggertsson,
Reykjavík.

Til svars bréfi yðar viðvíkjandi útgáfu "Konungsskuggsjár", tekur ráðuneytið fram, að það skrifaði Menntamálaráði um málefni þetta og óskaði, að það yrði tekið til velviljaðrar athugunar.

Nú hefur svar borizt frá Menntamálaráði, þar sem skýrt er frá því, að Ragnar Jónsson, forstjóri "Helgafells", sé nú að undirbúa útgáfu þessa rits.

Með beztu kveðjum.

BjBen

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

AP./

Reykjavik, May 31 1954

Dr. William Crawford,
Dean of the Dental School,
University of Minnesota,
Minneapolis 14, Minn.

Dear Dr. Crawford.

It gives me a pleasure to introduce to you Mr. Björn ~~Halldorsson~~ Kjartansson, student of Medicine of the University of Iceland, who is now interested in taking up studies in dentistry at your Department. I have personally known him for many years and I can therefore recommend him as a capable and trustworthy person.

As to his character I can furthermore testify that he is an honest and serious person, who is likely succesfully to accomplish his studies.

Yours very sincerely

Bj. Ben. (Sign.)

Bjarni Benediktsson,
Minister of Justice and Education,
Government of Iceland.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hofsósi 25/4 - 1954

Háðstvirti ráðherra.

Sem meðlimur í félagi ungra sjálfstæðismanna í Skagafyrði. Leifi ég mér að biðja um aðstoð yðar í málefni sem mér er hugleikið að fá framgengt. Svo er mál með vexti að eg hef sótt um leifi fyrir vörubíl til innflutnings skrifstofunnar en þekki engan sem eg get treist til að fylgja því eftir fyrir mig, og þess vegna leita eg til yðar. Sömu leiðis væri ég þakklátur ef þér vilduð athuga um Bankalán gegn fyrsta veðrétti í nýju húsi sem eg á. Þar sem engin kynni hafa orðið okkar á milli vil. eg leifa mér að benda yður á Jón Sigurðsson. Alþm. á Reynistað eða Guðjón Sigurðsson Sauðárkróki sem mundu gefa yður upplýsingar um mig. því eg finn að það er nokkuð djarft að skrifa ókunnaugum manni jafnvel þó eg fylgi sömu stefnu í stjórnmálum og hann. En eins og allir vita þá höfum við menn úti um land. svo slæma aðstöðu til að fylgja okkar málum eftir að við verðum að leita til þeirra sem eitthvað meiga sín í viðskifta málunum. þannig er ástatt með mig nú að eg er atvinnubílstjóri hér á Hofsósi. og á gamlan bíl sem er farinn aðverða lélegur en ef einhver atvinna er þá þýðir ekkert annað en hafa almennileg tæki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ellegar móður er útilokaður frá allri vinnu.

Svo get ég ekkert meira um þetta sagt en bið yður að framfylgja þessu máli eftir bestu getu.

Með vinsemd og virðingu

Gunnar Geir Gunnarsson.
Hofsósi Skagafirði.

Búinn að mæla með
en get ekki fullvissað
um að hann fáist

Ekki tök á láni hér
hvorki bönkum né sparisj.-
Hún v. alla þar heima
í [illegible]

Reykjavík, 19. maí 1954

Herra Gunnar G. Gunnarsson,
Hofósi,
Skagafjarðarsýslu.

Ég hefi móttekið bréf yðar, dags. 28. f.m., þar sem þér óskið aðstoðar minnar í sambandi við umsókn yðar um vörubifreið. Eg mælti þegar í stað með umsókn yðar við réttan aðila og vona ég, að þau meðmæli greiði heldur fyrir, þótt ég geti því miður ekkert sagt um, hvort leyfið fáist, því margar eru umsóknirnar, en bifreiðarnar mun færri, sem leyfa á.

Því miður er ég hræddur um, að það sé eigi mikið, sem ég get aðstoðað yður við útvegun lánsfjár, því sem stendur eru engin tök á að útvega fé að láni, hvorki hjá bönkum eða sparisjóðum hér.

Væri líklega réttast fyrir yður að athuga, hvort sparisjóðir þar heima í héraði gætu eigi greitt fyrir yður í þessum efnum.

Með beztu kveðju.

Yðar einlægur

Bj. Ben.
(sign.)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# AKADEMISK FORLAG

NORWEGIAN ACADEMIC PRESS

UNIVERSITETET — KARL JOHANSGT. 47.
OSLO
UNIVERSITETETS STUD. KONT. TLF. 41 11 08 - 42 50 28

FORLAGSJEF: TØNNES ANDENÆS
FASTE STYREMEDLEMMER:
LEGE JON GLØMME - PROF. DR. JUR. JOHS. ANDENÆS
KONTORSJEF ERLING FJELLBIRKELAND
STUD. PHILOL. JON STENKLEV

Kulturminister Bjarni Benediktsson,
Reykjavik,
Island.

DERES BREV: DERES REF.: VÅR REF.: J.nr.4022/TA/AAI

Sent ókeypis, framvegis mun verða sendur

Vår universitetsbokhandel har med takk mottatt 2o eksp. "Heimskringla" bind II, utgitt av Manntamálaráðherra forlag. Dette var til meget stor hjelp for studentene her ved Universitetet.
Vi har ennu ikke mottatt noen faktura på boken. Da studentene gjerne vil betale sin bok, og vi gjerne vil sende Dem oppgjør, ber vi Dem sende oss faktura så snart som mulig.
På forhånd takk.

Beste hilsen,

Tønnes Andenæs

Tønnes Andenæs.

Oslo. den 22. februar 1954

afgr. með bréfi.
ÁP

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

AP/

Reykjavík, 21. apríl 1954

Herra kennari Guðjón Kristinsson,
Borgarnesi.

Heiðraði vinur.

Ég þakka bréf þitt dags. 25. f.m., varðandi miðskóla í Borgarnesi.

Eftir athugun á fyrirspurn þeirri, er þú beinir til mín um það, hvort full réttindi fáist til varanlegs reksturs miðskóla í Borgarnesi vil ég upplýsa eftirfarandi:

Því er eins farið um skólann í Borgarnesi og flesta aðra gagnfræðaskóla, er starfa í sambandi við barnaskólana, að hann uppfyllir ekki lágmarksákvæði um nemandafjölda í deildunum. Samvkæmt töflu þeirri, er þú setur upp í bréfi þínu hefur nemandafjöldinn or 15 mestur árin 1949 - 1952, er þeir voru 14. Það er því aðeins endrum og eins, að nemandafjöldinn nálgast það lágmark, sem sett er í gagnfræðalögunum nr. 48/1946, en þar er ákveðið í 59. gr., að eigi skuli starfrækja miðskóla með færri nemendum en svo, að 15 nemendur séu í árdeild að jafnaði.

Til þess því að viðurkenna miðskólann að fullu og föstu, þarf í fyrsta lagi að fullnægja fyrrgreindum lagaákvæðum og í öðru lagi þarf'ður að ganga frá skiptingu skólahverfa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sbr. 48 gr. gagnfræðalaganna.

Sú skipting yrði í því fólgin, að ákveða hvar og hve margir slíkir skólar skuli starfa í hverju héraði. Í því sambandi má benda á, að sem stendur eru miðskóladeildir starfandi í Reykholti, Borgarnesi og á Akranesi, allar of fámennar.

Það er því eigi unnt að ákveða um framtíð skólans fyrr en málefni þau, er varða rekstur miðskólanna í landinu verða teknir fyrir í heild.

Með von um, að ofanritað sé fullnægjandi svar við fyrirspurn þinni, þakka ég vinsamlegar kveðjur og óska þér alls hins bezta.

Þinn einlægur

Bj. Ben.
(sign.)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðarnir endursendir

*Leikfélag Reykjavíkur biður yður að sýna sér þann heiður að vera við sýningu*

*á sjónleiknum* „Gimbill“

miðvikudag *þann* 19/5 1954

~~*Aðgöngumiðanna skal vitjað í aðgöngumiðasöluna í Iðnó*~~

*kl.* 8

*Stjórn L. R.*

Menntamálaráðh. Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tryggingastofnun ríkisins

Símnefni: Ríkistrygging
Sími 82300

EJ/GH.

Reykjavík, 21. apríl 1954.

Í tilefni af heiðruðu bréfi yðar, herra dómsmálaráðherra, dags. 21. janúar s.l., þar sem þér spyrjist fyrir um möguleika á því, að þér fáið að greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, viljum vér hér með tjá yður, að það er álit stjórna sjóðsins, að rétt sé, að ráðherrar greiði til hans iðgjöld og því ekkert því til fyrirstöðu, að greidd verði iðgjöld yðar vegna, í fyrsta lagi til loka þess tímabils, sem þér gegnduð prófessorsembætti við Háskóla Íslands og í öðru lagi frá þeim tíma, er þér voruð skipaður ráðherra árið 1947. Hins vegar eru engar fastar reglur til um flutning á þeim réttindum, sem þér kunnið að hafa öðlazt í Eftirlaunasjóði Reykjavíkurborgar, meðan þér gegnduð störfum borgarstjóra, og þurfið þér því að leita sérstaks samkomulags við stjórn bæjarins um það, á hvern hátt hún kynni að vilja endurgreiða iðgjöld yðar þar, svo fullnægt verði reglum vorum um iðgjaldagreiðslur, ef þér kynnuð að óska þessarrar yfirfærslu.

f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins,
TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS.
Haraldur Jónsson

Hr. dómsmálaráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Í samtali sem ég átti við bréfritarann sagði hann að ekkert væri til fyrirstöðu um réttindi nú þegar. Af hálfu sjóðsstjórnarinnar mun ekkert vera því til fyrirstöðu að iðgjöld greidd til Rvk. færist yfir.
ÁP.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik, April 26, 1954.

Messrs Hugh Rees, Ltd.,
47 Pall Mall,
London, S.W.I.

Gentlemen,

Please s end me, through the Legation of Iceland, 17 Buckhingham Gate, London, a copy of:

The Rt. Hon. C. R. Attlee: "As it happened".

I should also like to have a copy of the last volume of Sir Winston Churchill's "The Second World War".

Kindly charge my account for the cost.

Sincerely

BjBen

Bjarni Benediktsson,
Blönduhlíð 35, Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 26. apríl 1954.

Herra ræðismaður Hannes Kjartansson,
New York.

Góði vinur.

Ég þakka þér fyrir síðast, harma að þú skyldir aldrei geta komið heim til mín og vona að þér og þínum líði vel.

Ástæðan til þess, að ég skrifa nú, er sú, að tímaritin U.S. News & World Report.(437 Parker Ave., Dayton 1, Ohio) og The Freeman, (240 Madison Avenue, New York 16, N.Y.) hef ég nú um sinn fengið með skipspósti og tekur það, eins og þú veizt, firna langan tíma. Þau koma því að mjög takmörkuðu gagni.

Vildi ég því vinsamlega biðja þig að skrifa viðkomandi útgáfufyrirtækjum og biðja þau að senda tímaritin eftirleiðis á skrifstofu þína, en þaðan fengi ég þau síðan með flug - stjórnarpósti.

Væri þér þakklátur, ef þú vildir gera þetta fyrir mig, ef það er þér ekki allt of mikil fyrirhöfn.

Endurtek óskir mínar um, að þér og þínu fólki líði hið bezta og bið þig um að skila kveðju til kunningjanna.

Með beztu kveðjum

Bj. Ben.
(Sign)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Decorative Housewares Co.

Manufacturers of Hand Decorated Housewares

48 WEST 25TH STREET NEW YORK 10, N. Y.
TELEPHONE WAtkins 9-4529

afgreitt
3/3 '54 BB

February 15, 1954

His Excellency Bjorni Benediktsson
Minister of Justice
Reykjavik, Iceland

Your Excellency:

I hope that you will not deem it presumptuous of me for writing you this letter.

Not knowing, whether, or not, you are a philatelist, I am sure though, that you appreciate the sentiment attached to this hobby.

I am making a collection of First Day Covers, which I intend to present in time to the National Philatelic Museum in Philadelphia. All these Covers, are autographed by prominent persons most suitable for that particular issue.

I have a set of eight First Day Covers, Honoring the North Atlantic Treaty Organization. I am endeavoring to get the autographs of all the Delegates who signed the treaty. I have the autographs of the Delegates from United States, Belgium, Denmark, France, Luxenburg, Netherland and Norway, I will deem it an honor, if Your Excellency, the Delegate from Iceland will also be good enough and also autograph this set for me.

Thank you very much for your courtesy and kind consideration. I am

Very truly yours,

IRVING SEGAL

I. Se

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik, February 4 1954

Enclosed is your collection of NATO First Day Covers, which I have signed.

With sincere best wishes

Bjarni Benediktsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 25. feb. 1954

Orðsending
frá Bjarna Benediktssyni
til Agnars Kl. Jónssonar, sendiherra.

---

Væri þér þakklátur, ef þú vildir vinsamlegast útvega mér bækling, sem kom nýlega út í Englandi: "Some Myths of Marxism", eftir Hugh Seton-Watson.

Bezta kveðja

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Ríkisútvarpið hefir þá ánægju, að senda yður hér með boðsmiða á næstu tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar.*

*Ef þér hafið ekki aðstöðu til að vera viðstaddir tónleikana, óskast vinsamlega miðarnir endursendir í aðalskrifstofu Ríkisútvarpsins, IV. hæð í Landssímahúsinu.*

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

EINKABRÉF.

Með tilvísun til umsóknar minnar og skólanefndar Reykjaskóla um það, að ég yrði settur fastur kennari við héraðsskólann að Reykjum í V.- Hún. og samtals þess, er faðir minn átti við yður fyrir skemmstu, leyfi ég mér hérmeð að ítreka þessa umsókn.

Reykjaskóla 3/12 1953

Virðingarfyllst

Aðalbjörn Benediktsson

Svarað

Aðalbirni sagt að sem stendur sé eigi unnt að láta hann hafa fasta stöðu, þar eð unglingafjöldi leyfi eigi fleirum kennara.

29/12 1953

Ásg.P.

Hæstvirtur menntamálaráðherra

Bjarni Benediktsson, Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalbjörn Benediktsson

Er réttindalaus. Skv. gagnfr. lögunum væri hægt að setja hann er hann hefur kennt í 2 ár. Aðalbjörn er hinsvegar nýbyrjaður kennslu, byrjaði á s.l. hausti skv. upplýsingum fræðslum.skr., og því er eigi unnt að setja hann.

Verður hann því að una því að kenna sem stundakennari a.m.k. þar til liðin eru full tvö ár frá því að hann hóf kennslu.

Kjör manns þessa eru hin sömu hvort sem hann fær setningu eða eigi, skv. uppl. fræðslum.skr.

Skólastjóri héraðsgagnfrsk. í Reykjum telur Aðalbj. góðan kennara og vill mjög gjarna njóta starfskrafta hans áfram.

3/12 '53

Á.P.

Gera uppkast að bréfi til föður hans þar sem málið er útskýrt.
BBen

Menntamála-
ráðuneytið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Ég talaði við Aðalbjörn Benediktsson og setti hann inn í málið ÁÓ.

upphafl.

Fræðslum.slj. er því mótfallinn að ráða fleiri menn að skólanum, sem stendur v/ nemendafjöldans. ÍÞ.

Reykjavík, 22. des. 1953

Herra Aðalbjörn Benediktsson,
Reykjum,
Hrútafirði.

Eftir viðtöku bréfs yðar, dags. 3. þ.m., varðandi tilmæli um, að þér verðið skipaður kennari við héraðsskólann að Reykjum í Hrútafirði, vil ég upplýsa eftirfarandi:

Þar eð þér uppfyllið eigi skilyrði 37. gr. laga, nr. 48/1946, um gagnfræðanám, er að sinni (sem stendur) eigi unnt að skipa yður fastan kennara.

Ég ráðlegg yður að kynna yður vandlega ákvæði gagnfræðalaganna um hin almennu skilyrði þess að verða skipaður ~~fastur~~ kennari, ef högum yðar kynni að vera þannig háttað, að þér gætuð án mikillar fyrirhafnar, náð að fullnægja þeim.

Að vísu segir í lögunum, að ef enginn réttindamaður sækir um lausa kennarastöðu, megi fá hæfan mann til kennslunnar og skipa hann, er hann hefur gegnt starfinu í tvö ár.

Er auðvitað eigi útilokað, að aðstæður leyfðu að þetta ákvæði tæki til yðar. Sem stendur er þó eigi unnt að setja yður kennara við umræddan skóla, þar eð fjöldi unglinga, sem nám stundar við hann ~~skólann~~, leyfir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigi fjölgun kennara.

Mér þykir leitt, að eigi skuli vera unnt að greiða götu yðar í þessu efni sem stendur, en mun hafa yður í huga, ef aðstæður breytast.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

J. Ól.
Beðinn að ganga frá tillögu um lausn málsins. 2/2. '54. AB

Rvík 12. jan 1954

Kæri ráðherra,

Það er með hálfum hug ~~að~~ jeg ræðst í að skrifa þjer aftur vegna máls okkar Birnu Kristjánsson, þar sem jeg þykist vita, að ýms þýðingarmeiri mál bíði lausnar hjá þjer.

Við förum fram á, að skyldutímafjöldi okkar skyldi miðast við 25 stundir á viku auk stílagreiðslu. Mjer skilst, að fyrir liggi tillaga um skyldutímafjöldann frá fræðslumálastjóra, en stílar verði ekki greiddir. Ef málið yrði leyst á þann veg, mundum við græða 2–2½ tíma viku, eftir því sem stílar eru borgaðir nú. Launauppbót sú er auðvitað spor í rjetta átt, þótt óneitanlega kjör okkar hafi verið rýrð allverulega, þar sem við vorum komin ofan í 21 tíma á viku, áður en ~~Ríkið~~ skólinn varð ríkisskóli.

Okkur er mikið kappsmál að þurfa ekki að kenna meir en 25 tíma vikul., því að það er fyllilega nóg kennsla fyrir hvern og einn, sem búinn er að kenna á 3. áratug og tekur starfið sitt alvarlega. Það er illa sjeð að rýra kjör starfsmanna og virðist fráleitt, að launin fari minkandi eftir því sem starfstíminn lengist.

Mjer er kunnugt um, að einn elsti og mikilhæfasti kennari við Gagnfræðaskóla Austurbæjar hefir haldið sínum kjörum og launum óbreyttum við

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við skólann, eftir að hin nýju Gagnfræða-skólalög gengu í gildi. Jeg nefni þetta aðeins til stuðnings máli mínu, en ekki til þess, að það verði honum til tjóns á nokkurn hátt.

Í von um hagstætt svar og með bestu nýjársóskum

Þinn einl.

Björn Bjarnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 21. janúar 1954

Til lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins,
Reykjavík.

Meðan ég gegndi störfum sem kennari við lagadeild Háskólans greiddi ég, svo sem aðrir embættismenn, í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Innti ég þær greiðslur af hendi um sjö eða átta ára skeið, eða til ársins 1940, er ég tók við störfum borgarstjóra í Reykjavík.

Frá árinu 1947 hef ég verið í þjónustu ríkisins, sem ráðherra, en eigi greitt í lífeyrissjóðinn. Þar sem ég hefi hug nú á að gerast aðili að sjóðnum á ný, vildi ég spyrjast fyrir um, hvort stjórn sjóðsins sjái því nokkuð til fyrirstöðu að ég hefji greiðslur í hann, svo og hvort ég njóti eigi þeirra réttinda, er við sjóðinn eru bundin, frá þeim tíma, er greiðslur hefjast á ný.

Bj. Ben.
(Sign)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lífeyrissjóður.

1.) Á ráðherra Bjarni Benediktsson rétt á því að greiða í sjóðinn?

2.) Og óháð því, á hann rétt á láni úr sjóðnum til husabyggingar?

Svar:

Ég ræddi málið við Eyjólf Jónsson, fulltrúa sjóðsstjornarinnar. Eftir að hann hafði kannað málið með einhverjum sjóðstjórnarmanna, sagði hann, að stjórnin óskaði þess, að þetta mál yrði borið undir stjórnarfund bréflega, ef ráðherra óskaði úrskurðar um það. Persónulega skoðun sína kvað hann vera þá, að allar sanngirnisástæður mæltu með því, að ráðherrar fengju þennan rétt, ef þeir hefðu áður greitt í sjóðinn, svo sem er í þessu tilfelli, en ráðherra mun hafa greitt til sjóðsins í 7 ár.

Um hitt atriðið, þ.e., hvort ráðherra ætti rétt á láni, sagði hann, að þeir einir, sem greiða í sjóðinn fái lán. Að óbreyttu taldi hann því, að ráðherra gæti ekki fengið lán. Hins vegar mundi hann sennilega fá lán, um leið og búið væri að samþykkja að ráðherra greiddi í sjóðinn, vegna þess, að þeir sem hætta starfi og þá um leið greiðslum í lífeyrissjóð, fái fyrri ár lögð við, er þeir byrja að nýju. -

Fundur er á næstunni, ef ráðherra vill bera málið formlega upp við stjórn sjóðsins.

19/1 '54

Ásg. P.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Getur ekki komið v/ fundar, sem boðaður var á sama tíma.

Til minnis.

Hringt var í morgun frá bæjarskrifstofunum og beðið fyrir þau skilaboð til ráðherra að hann væri boðinn að vera viðstaddur opnun bæjarbókasafnsins kl. 2 í dag.

20 jan. 1954

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 16. jan. 1954

Menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, og kona hans þakka vinsamlegt boð sendiherra Vestur-þýzka Sambandslýðveldisins og konu hans, um að sitja miðdegisverðarboð hjá þeim, föstudaginn 22. þ.m., og þykir leitt, að þau geta því miður eigi þegið boðið þar eð ráðherran verður á þessum tíma utan bæjarins vegna stjórnmálafundar, er hann hafði áður lofað að mæta á.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ásbúðartröð 5 Hafnarfirði.
10/3 52.

Hr. ráðh. Bjarni Benediktsson!

Fyrir skemmstu gaf ég út mína fyrstu ljóðabók og safnaði áskrifendum. Söfnun gekk ekki vel, ekki fyrir útgáfuk. Því gerist ég svo djarfur að bjóða yður þessa bók mína til kaups. („Við bakdyrnar" 80 bls. Kr. 40)

Bið ég yður svo að fyrirgefa mér þessa frekju.

Virðingarf.

Sveinn Haraldsson

afgr.

stud. theol.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hveragerði, 5. jan. 1954.

Herra Dóms- og Menntamálaráðherra
Bjarni Benidiktsson.
Reykjavík.

Hæstvirti herra:

Viðlagt leyfi ég mér að senda yður bréf frá þýsku Kvikmynda-félagi, sem hefur áhuga fyrir að kvikmynda eina af sögum mínum. Ég geri ráð fyrir, að það heyri undir yður að leyfa því eða banna upptöku hér og eru það því virðingafyllst til-mæli mín, að vel verði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undir bón þeirra tekið. Fyrir mig hefði það mikið að segja, að bókin væri kvikmynduð, en það myndi einnig geta haft mikla þýðingu sem landkynning út á við – og á ýmsan annan hátt. Ég – og flestir ísl. rithöf. ásamt mér – eigum í sífelldri baráttu við rógs- og níðstarfsemi vissrar kommaklíku, sem vinnur vel skipulagt á móti okkur út um allan heim. Er því ómetanlega mikils virði að yfirvöld og menningarmenn lands-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ins veiti okkur stuðn- (2
ing í baráttu okkar, er
hefur meiri þýðingu fyrir
Ísland en virst getur í fljótu
bragði. –

Mynduð þér vilja gera
mér þann greiða að endur-
senda mér bréf Kvikmynda-
félagsins?

Með virðingu og vinsemd

Kristmann Guðmundsson.

Hveragerði.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 11. janúar 1954

Herra rithöfundur
Kristmann Guðmundsson,
Hverag-rði.

Mér hefur borist bréf yðar, dags. 5. janúar s.l., viðvíkjandi kvikmyndun einnar sögu yðar.

Það gleður mig, að þér skulið hafa fengið þetta tilboð og vona ég að eigi komi til neinnar fyrirstöðu um framkvæmdir.

Til myndatökunnar er eigi þörf neinna leyfa frá ráðuneytinu, en ef til slíks kæmi mun ég fúslega veita yður alla fyrirgreiðslu.

Með beztu kveðjum.

Bj. Ben.
(Sign)

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 3. jan. 1954

Messrs. Hugh Rees, Ltd.,
47 Pall Mall,
London S.W.I.

Gentlemen,

Please send me, through the Legation of Iceland, 17 Buckingham Gate, London, a copy of "The Nemesis of Power: The German Army in Politics", by John W. Wheeler - Bennett. Kindly charge my account for the cost.

Sincerely

Bj. Ben.
(Sign)

Bjarni Benediktsson
Blönduhlíð 35, Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HUGH REES, LTD., 47 PALL MALL, S.W.1.

47 Pall Mall,

No. 798 London, 17th December 1953.
S.W.1

Received of R Benediktsson Esq.

the sum of Ten. Pounds

— shillings and — pence

HUGH REES, LTD.

£ 10 : - : -

per 

Clark

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur